



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

LITLI TÓNSPROTINN

# ÁLFAR OG RIDÐARAR

---

11. MAÍ 2013



# ÁLFAR OG RIDDARAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 11. MAÍ 2013 » 14:00

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Benedikt Erlingsson** sögumaður

**Árný Guðmundsdóttir** táknmálistúlkur

**Luttakarar úr Klaksvík Dansifelagið** gestir frá Færeyjum

---

**Jón Leifs**

*Íslensk rímnadanslög, op. 11*

*Dýravísur*

*Siglingavísur*

**Kári Bæk**

*Veiða vind*

*Tónlistarævintýri*

**Færeyskt þjóðlag**

*Ólavur Riddararós*

*Ungmenni úr dansfélagi Klaksvíkur*

**Færeyskt þjóðlag**

*Ólavur Riddararós*

*Hljómsveitarútsetning Atla K. Petursen*

---

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru um það bil klukkustundar langir og án hlés.

Myndir í efnisskrá eru eftir Janus á Húsagarði.

Bókin Veiða vind verður til sölu fyrir framan Eldborg á tónleikadegi.

---



BAKHJARLAR


VÍS



GAMMA

**Jón Leifs** skráði Íslensk rímnadanslög eftir kvæðamönnum eða samdi þau sjálfur. Í gamla daga, í kringum 1930, voru Rímnadanslögin mjög fræg og hljómuðu í helstu borgum Evrópu; í útvarpi, á tónleikum og kaffihúsum. Jón Leifs stjórnaði einni frægustu hljómsveit Evrópu, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, og Filharmóníuhljómsveit Hamborgar. Filharmóníunni stjórnaði hann í tónleikaferð til Noregs, Færeyja og Íslands sumarið 1926. Það var í fyrsta sinn sem sinfóníuhljómsveit lék á Íslandi.

Í **Rímnadanslögunum** koma meðal annars fyrir vísurnar *Hani, krummi, hundur, svín, Verður ertu víst að fá* og *Gefðu ungum gæðingum*. Í útsetningunni hans Jóns eru svokölluð taktskipti þar sem taktar lagsins eru ekki allir jafnlangir. Sumir hafa fjögur slög á meðan aðrir hafa þrjú slög og enn aðrir tvö. Þetta er svolítið eins og maður sé að ganga í móa og misstígi sig af og til og tapi göngutaktinum. Prófaðu að klappa slögin í línunni hér að neðan og athugaðu að það er mjög mikilvægt að halda sama hraða. Klappaðu fyrsta slagið með áherslu, það er sterkar en öll hin.




**Kári Bæk, Rakel Helmsdal** og **Janus á Húsagarði** eru höfundar tónlistarævintýrsins *Veíða vind* en kveikjan að ævintýrinu er *Maxímús Músíkús*. Þegar ævintýrið um *Maxa* var flutt í Norðurlandahúsinu í Færeyjum kom upp hugmynd að skrifa færeyskt ævintýri sem kynnti börn fyrir klassískri tónlist. Út kom bókin *Veíða vind* þar sem Rakel skrifaði söguna, Kári samdi tónlistina og Janus myndskreytti. Ævintýrið er ótrúlega spennandi og byggir á minninu um Ólav Riddararós. Seiðandi danstónlist, kraftmikið slagverk og riddaraleg lúðraköll einkenna þetta framúrskarandi barnaverk. Íslenska þýðinguannaðist Þórarinn Eldjárn.





**Vikivaki** er gamall hringdans sem var oft dansaður á skemmtunum við vikivakavæði. Forsöngvari söng erindin, sem sögðu ákveðna sögu, og síðan sungu allir með í viðlaginu. Orðið vikivaki er notað um dansinn, kvæðin sem sungin eru eða skemmtunina þar sem slíkur dans er dansaður. Þekktir vikivakar eru Ólafur Liljurós og Ormurinn langi sem er stigginn á Ólafsvöku í Færeyjum. Hér að neðan er viðlagið í Ólavi Riddararós.



**Atli K. Petursen** er tónlistarkennari og básúnuleikari í Sinfóníuhljómsveit Færeyja. Hann útsetti þjóðlagið um **Ólav Riddararós** fyrir sinfóníuhljómsveit. Atli var nemandi í Tónlistarskólanum í Reykjavík og er sannkallaður Íslandsvinur.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri býr í Færeyjum. Þar stjórnar hann Sinfóníuhljómsveit Færeyja og kennir á flautu. Bernharður hefur stjórnað mörgum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands en hann lék á flautu með hljómsveitinni í mörg ár. Bernharður ólst upp á Englandi og söng sem drengur í kór í Westminster Abbey.

**Benedikt Erlingsson** leikari er mikill sagnamaður og einlægur aðdáandi færeyskrar menningar. Hann á þá ósk heitasta að fá að taka þátt í Ólafsvöku í Færeyjum. **Ólafsvaka fer fram á hverju ári dagana 28. og 29. júlí. Ólafsvökudagurinn 29. júlí er þjóðhátíðardagur Færeyinga.**



# Hljómsveit á tónleikum

11. maí 2013

---

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Zbigniew Dubik  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Lin Wei  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Andrzej Kleina  
Rósa Guðmundsdóttir

## 2. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Roland Hartwell  
Greta Guðnadóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Christian Diethard  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Margrét Árnadóttir

## BASSI

Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Rúnar Vilbergsson  
Darri Mikaelsson

## HORN

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

Gestir frá Færeyjum

## Luttakarar úr Klaksvík Dansifelagið

---

Brynjálvur Sigurðsson  
Dávur Syderbø  
Elián Boetius Askham  
Elin Syderbø  
Esmundur Løwi Sørensen  
Fríðálvur Klakk  
Jákup Eysturdal  
Joan Fríðudóttir Isaksen  
Jógvan Gullaksen  
Jóhanna Osberg Højsted

Jónvør Viderø Olsen  
Katarína Viðoy Simonsen  
Munda Áarstein  
Ninna Karlina á Høvdanum Andreassen  
Ninný Jóhansdóttir Hávarsá  
Ronja Eysturdal  
Sandra Bjarnaskor Simonsen  
Snæbjörg Gustavsdóttir  
Tóra Eliassen

# Dagskrá Litla tónsprotans 2013-2014



## Skilaboðaskjóðan

Laugardagurinn 28. september

Heillandi, litrík og fjörug tónlistin úr ævintýrasöngleiknum Skilaboðaskjóðunni verður flutt á upphafstónleikum Litla tónsprotans. *Skilaboðaskjóðan* eftir Þorvald Þorsteinsson með tónlist eftir Jóhann G. Jóhannsson var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu í nóvember 1993 og fékk fádæma góðar viðtökur. Tónlistin hefur lifað sjálfstæðu lífi utan leikhússins og verður nú flutt í nýrri útsetningu tónskáldsins fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Með hljómsveitinni kemur fram söng- og leikhúsfólk í fremstu röð og leysir frá skjóðunni í tali og tónum.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Jóhann G. Jóhannsson** tónlist úr Skilaboðaskjóðunni




## Jólatónleikar Sinfóníunnar

Laugardaginn 14. desember

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi þar sem sígild jólalög og klassísk ballettónlist er í forgrunni. Kynnir á tónleikunum er leikarinn góðkenni, Gói, sem hefur notið mikilla vinsælda fyrir vandaðan flutning á fjölbreyttum verkum fyrir börn og fullorðna. Tónleikarnir verða túlkaðir á táknmáli.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri



## Jabba-dabba-dú!

Laugardagurinn 15. febrúar

---

Á kvikmyndatónleikum Litla Tónsprotans lifnar töfraheimur kvikmyndanna við í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem leikur ódauðlegar perlur af hvíta tjaldinu, glæsilegar syrpur í hljómsveitarbúningi og eftirlætislögin úr uppáhalds kvikmyndunum. Myndirnar verða ljóslifandi og tónlistin öðlast aðra vídd í liflegum kynningum og leikrænum tilþrifum leikarans knáa, Góa. Kyrrmyndum verður varpað upp á stórt tjald á meðan á tónleikunum stendur.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri



## Maxímús Músíkús kætist í kór

- Nýtt ævintýri um Maxímús Músíkús

Laugardagurinn 26. apríl

---

Í nýútkomnu ævintýri um Maxa, því fjórða í röðinni, slæst Maxímús Músíkús í för með stórum hópi kórbarna sem eru á leið með rútu upp í sveit í æfingabúðir. Börnin syngja á leiðinni og herma eftir dýrahljóðum, Maxa til mikillar skemmtunar, en Maxa bregður þegar þau syngja um köttinn Brand, mjá! Í æfingabúðunum kynnist Maxi krökkum frá mörgum löndum og lærir skemmtilega söngva og fjörugar lagasyrpur á ólíkum tungumálum. Í æfingabúðunum reynist Maxi úrræðagóður eins og alltaf og sannur vinur í raun.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Valur Freyr Einarsson** sögumaður

Spennandi  
tónlistarævintýri sem  
gaman er að hlusta á  
aftur og aftur ...



GEISLADISKUR  
MEÐ TÓNLISTINNI  
OG ÚPPLESTRINI  
Á SÖGUNNI  
FYLGIR



MÁL OG MENNING

